




25. október 2006

Greinagerð um starfsemi Skaftfells, Menningarmiðstöðvar á árinu 2006.

Skaftfell hefur, samkvæmt samningi sínum við Menningarráð Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstað, hlutverki að gegna sem miðstöð myndlistar á Austurlandi. Þetta hlutverk er tvíþætt, annarsvegar að sinna því starfi sem hefur verið byggt upp í Skaftfelli á undanförunum átta árum; metnaðarfullt sýningastarf með fjölbreyttum og vönduðum sýningum og starfræksla gestavinnustofu þar sem listamenn víðsvegar að úr heiminum dvelja við listsköpun. Hinsvegar er það hlutverk Skaftfells að stuðla að kynningu, fræðslu og uppyggingu á starfsemi myndlistar í fjórðungnum.

Í ár var tekið fyrsta skrefið í áttina að því að vaxa upp í hlutverkið Miðstöð myndlista á Austurlandi. Unnin var mynddiskur og fyrirlestur um starfsemi tengda myndlist á Austurlandi í tilefni FÍSOS þingsins á Héraði. Með þessu náðist nokkuð góð yfirsýn yfir hvar væri að finna myndlistartengda starfsemi í fjórðungnum og varð jafnframt til vísir að tengslaneti á milli þessara staða. Disknum var dreift, óformlega, til allra sem á honum eru auk nokkurra fleirri með þeirri von að auka samstarf þessarra aðila við Skaftfell og hvern annan. Eintak af honum fór einnig í Menntamálaráðuneytið til Eiríks Þorlákssonar en hann bað sérstaklega um það eftir kynninguna á FÍSOS þinginu.



Uppi eru margar hugmyndir um verkefni. Svo sem aukin fræðsla í formi skólaheimsóknna af öllu svæðinu auk hugsanlegrar myndlistakennslu fyrir elstu árgangana í samstarfi við grunnskólana. Þá hugsanlega í formi vinnustofu og fyrirlestra í samvinnu við myndlistamenn sem hingað koma og etv. Dieter Roth Akadémíunnar. Þetta eru þó einvörðungu humyndir sem stendur og vantar aukna fjármuni og styrkara samband við skólana til að af þessu geti orðið.

Einnig er brýnt að koma upp endurbættri heimasíðu Skaftfells þar sem mætti setja inn allar upplýsingar er varða myndlist í fjórðungnum. Þarfagreying fyrir þá síðu er hafin og vantar nú einvörðungu fjármagn til að ráða vefsíðu hönnuð til að gera hana að veruleika.

Þetta eru kannski helstu verkefni framundan auk þess að fylgja eftir mynddiskinu og endurbæta innihald hans. Jafnframt er mikilvægt að það sé lifandi og virk samræða í gangi á milli þeirra er koma að málefnum myndlistar á Austurlandi og er það hlutverk okkar að stuðla að því.

Sýningahald í Skaftfelli á árinu 2006 hefur verið sem hér segir:

Sýningarárið hófs í aðalsal Skaftfells með árlegri vinnustofu á vegum Listaháskóla Íslands og Dieter Roth Akadémíunnar. Þáttakendur vinnustofunnar voru sex útskriftarnemendur frá myndlistardeild LHÍ og fjórir erlendir listnemar frá Austurríki, Eistlandi, Danmörku og Skotlandi. Leiðbeinandi námskeiðsins var sem endranær prófessorinn og myndlistamaðurinn Björn Roth. Hópurinn dvaldist hér við vinnu sína í tvær vikur og afraksturinn var sýningin Sleikjótindar.



Sumarsýningin var samsýning bræðranna Sigurðar og Kristjáns Guðmundssona. Eru þeir bræður vel þekktir fyrir verk sín, jafnt innan lands sem utan, og þá helst Sigurður sem er einna þekktastur íslenskra myndlistamanna á erlendum vetvangi. Sýningin samanstóð jafnt af eldri verkum sem og verkum unnum sérstaklega fyrir þetta tækifæri.



Haustsýningin Adam var ekki lengi í Paradís var með hjónunum Guðný Rósu Ingimarsdóttur og Gautier Hubert. Þau eru búsett í Belgíu en dvöldust í gestaíbúðinni í þrjár vikur í ágúst og unnu þar að sýnin gunni. Sýningin var sérlega skemmtileg og þau hjónin féllu algerlega fyrir staðnum og hafa hug á að koma aftur og dveljast þá lengur á Seyðisfirði.

Nú er að opna sýning vegna Listmunauppbóðs. Sýning samanstendur af um þrjátíu verkum eftir jafn marga listamenn. Mun hún standa yfir til loka nóvember en þá verða verkin flutt til Reykjavíkur þar sem þau verða boðin upp og mun ágóðin renna til frekari uppbyggingar Skaftfells.



Aðventusýningin verður opnuð í tengslum við hið árlega rithöfundakvöld, laugardaginn fyrir fyrsta í aðventu. Listamaðurinn í ár er Haraldur Jónsson.

Vesturveggurinn, sýningarrými í bistrói Skaftfells, lauk sínu fjórða sýningartímabili nú í september. Í ár voru Hildigunnur Birgisdóttir og Bjarni Massi Sigurbjörnsson sýningastjórar Vesturveggsins. Sýningarnar voru sem hér segir:

AH!: Rakel Gunnarsdóttir og Hörn Harðardóttir opnun 8. Júní

Blobby: Sólveig Einarsdóttir Ragnar Jónasson opnun 24. Júní

Straight outta skaftfell: Baldur Björnsson og Lóa Hjálmtýsdóttir opnun 8. Júlí

Sey, Sey, Sey: Höfuð, krikar, klop og tær: Hildigunnur Birgisdóttir og Bjarni Þór Sigurbjörnsson 24. Júlí

Víkingurinn syngur söngva: Arnfinnur Amazeen og Gunnar Már Pétursson opnun 12. Ágúst

It will never be the same: Kristján Loðmfjörð og Pétur Már Gunnarsson opnun 2. september



Að auki voru ýmsar uppákomur haldnar í Skaftfelli það sem af er árinu, uppstand með bassaleikaranum Dean Ferrel, Kvikmyndakvöld ofl.

Að lokum má nefna að bistróið á neðstu hæð Skaftfells hefur gengið í gegnum gagngerar endurbætur á þessu ári og ætti nú að komast á það fast rekstrarform allt árið. Það hefur farið gríðarlegur tími og orka í þessar endurbætur en það er trú okkar að það muni skila sér margfalt til baka. Bistróið dregur vissulega að fólk og gefur því færi á að kynnast því starfi sem hér fer fram á þægilegan og afslappaðan máta. Í Bistróinu hristast saman gestir og gangandi, sýnendur og dvalargestir íbúðarinnar á frjóan og gefandi máta. Að auki er þar starfræktur Vesturveggurinn, en þar takast ungir listamenn á við að vinna sýningu inn í rými ætlað veitingastarsemi. Að auki styður bistróið mjög við og eikur mætingu á sýningar, opnanir og aðrar uppákomur á vegur Skaftfells, meningarmiðstöðvar.

Þórunn Eymundardóttir  
Framkvæmdastjóri Skaftfells, meningarmiðstöðvar